

yfir lögaldur sakamanna, og tvívegis áður hefur verið hegnt fyrir þjófnað ber því að heimfæra undir 233. gr. sbr. 230., 255. og 250. gr. hegningarlaganna, og virðist hegningin eptir nefndum lagagreinum sbr. 63. og 58. gr. sömu laga hæflega metin af undirdómaranum 2 ára betrunarhússvinna. Á hinn áfrýjaði dómur því að hegningunni til að vera óraskaður, og svo er og að því til málskostnaðar og iðgjalda kemur. — Hinum ákærða ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vitalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hjéraðsdómnum í máli þessu skal óraskað. Hinn ákærði, Jóseph Ólafsson, á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júnímán.

Nr. 4/1883

Jón Ólafsson

gegn

Nikulási Björnssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af Jóni Ólafssyni í Hlíðarhúsum við Reykjavík sem eiganda Bakkakots í Leiru gegn Nikulási Björnssyni á Nýlendu, næsta bæ við Bakkakot, útaf því, að Nikulás í mörg undanfarin ár hafi skorið þang í fjörunni fyrir Bakkakotslandi, og ef til vill nýtt sjer fjöruna á annan hátt, og var kveðinn upp dómur í því fyrir gestarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 15. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að Nikulás var sýknaður af kærum og kröfum Jóns, og Jón dæmdur í 10 króna málskostnað. — Hjer fyrir rjettinum hefur Jón Ólafsson, sem hefur áfrýjað gestarjettardóminum, haldið því fram, að mál þetta sje í raun og veru eignarþrætumál, og hefði undirdómarinn því átt að kveðja til meðdómsmenn, er dómur var lagður á það í hjerði, og hefur hann fyrir þá sök krafizt, að undirdómurinn verði dæmdur ómerkur; hinn stefndi hefur aptur á móti farið því fram, að mál þetta sje eingöngu skaðabótamál, og sje því rjettilega dæmt í hjerði án meðdómsmanna; hefur hann því krafizt, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með 100 krónum eða einhverju nægilegu.

Stefna áfrýjandans til gestarjettarins og málsútlitun hans þar, eins og líka kæra hans til sátta-nefndar sýna ljóslega, að málfefnið er það, að áfrýjandinn sækir hinn stefnda til sekta fyrir heimildarlaus afnot fjörunnar fyrir Bakkakotslandi, svo sem til þangskurðar og fleira, sömuleiðis sýnir vörn hins stefnda, að hann hefur fastlega neitað að hafa skorið þang í fjörunni fyrir Bakkakoti. Ágreiningurinn milli

málspartanna í þessu máli er þannig eingöngu um það, hvort hinn stefndi hafi notað fjöruna fyrir Bakkakotslandi til þangskurðar, og það hefur áfrýjandinn ekki sannað gegn neitun hins stefnda. Hitt, hvort áfrýjandinn sje eigandi allrar fjörunnar fyrir Bakkakotslandi eða ekki, hefur þannig alls ekki komið til álita undir þessu máli eins og það er höfðað og flutt fyrir gestarjettinum, því spurningin um eignarrjettinn að fjörunni fyrir Bakkakotslandi gat þá fyrst komið til greina, ef það hefði verið játað eða sannað, að hinn stefndi hefði skorið þang á þessari fjöru og þóttzt hafa heimild til þess, en eins og áður er sagt, hefur hann neitað að hafa notað fjöru þessa að neinu leyti.

Yfirdómurinn getur þannig ekki aðhyllst þá skoðun áfrýjandans, að mál þetta sje eignarþrætumál, sem hefði átt að dæmast með meðdómsmönnum, og þá heldur ekki tekið þá kröfu hans til greina, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur. Ber því að staðfesta gestarjettardóminn bæði að því snertir sýknu hins stefnda og málskostnað í hjeradi.

Fyrir yfirdómi á áfrýjandi eptir atvikum að greiða hinum stefnda málskostnað með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á óraskaður að standa. Áfrýjandi, Jón Ólafsson, á að greiða hinum stefnda, Nikulási Björnssyni á Nýlendu, málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.